

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 82 – 29.03.2007

---

Miðvikudaginn 29. mars, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveitan út að austan.
2. Tilboð í viðgerðir á þaki Borgarteigs 15.
3. Sjólögn frá sjóholum í Sandfangaranum við höfnina.
4. Bréf frá Sögufélagi Skagfirðinga.
5. Bréf frá Net-Orku, hlutafjárukning.
6. Önnur mál.

## AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lögð fram tillaga um styrki til þeirra húseigenda sem kynda hús sín með rafpílofnum og njóta niðurgreiðslna á húshitun. Samþykkt að grunngjald verði 200.000.- á hús upp að 300m<sup>3</sup> og 300 kr. pr. m<sup>3</sup> umfram 300m<sup>3</sup>.
2. Opnuð voru tilboð í lokuðu útboði, vegna endurnýjunar þakklæðningar á Borgarteingi 15 Sauðárkróki 20. mars sl. Þau fyrirtæki sem voru í útboðinu: K-tak ehf, Trésmiðjan Ýr, Friðrik Jónsson ehf og Trésmiðjan Björk ehf.  
Tilboð sem bárust:

K-Tak ehf.	Pappaklæðning	kr. 5.216.192.-
	Stálklæðning	kr. 4.612.897.-
Trésm. Ýr	Pappaklæðning	kr. 4.976.200.-
	Stálklæðning	kr. 4.265.560.-

Kostnaðaráætlun Stoðar ehf.

	Pappaklæðning	kr. 4.062.500.-
	Stálklæðning	kr. 3.676.100.-

Samþykkt að taka tilboði Trésm. Ýr í pappaklæðningu.
3. Lagðar fram teikningar til kynningar að sjölögn frá sjótökuholum á hafnargarði við sandfangara að Dögun ehf. Fyrirhugað að framkvæmdir hefist í sumar.
4. Lagt fram bréf dags. 21. mars 2007 frá Sögufélagi Skagfirðinga þar sem óska er eftir styrk til ritunar greinar um Jón Nikódemusson fyrrv. hitaveitustjóra á Sauðárkróki í Skagfirðingabók. Samþykkt að veita styrk að upphæð 200.000.- til að heiðra minningu Jóns.

5. Lagt fram bréf dags. 20. mars 2007 frá Net-Orku þar sem óskað er eftir hlutafjárukningu. Samþykkt að nýta ekki forkaupsréttinn að aukningu á hlutafé.
6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.20  
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)  
Páll Pálson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.